

## Opinbera deildin, skýrsla á aðalfundi 2023

### Ágætu félagar!

Loksins getum við setið saman á ný á þessum aðalfundi deildarinnar í stað þess að hittast rafrænt á Teams eins og við höfum þurft að gera á síðastliðin tvö ár.

Að venju verður farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Haldnir hafa verið þrjár stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var rafrænt 1. febrúar 2022.

Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. starfið innan félagsins og deildarinnar, kjarasamningamál, vinnutímastyttingu, starfsmatið, um félagsmannasjóðinn, stofnanasamninga, trúnaðarráð félagsins og margt fleira.

Varðandi starfsmatið þá er von á niðurstöðu í mars á fimm ára endurskoðun á því hjá sveitarfélögunum.

Í síðasta kjarasamningi við sveitarfélögin var samið um og stofnaður sérstakur félagsmannasjóður. Sveitarfélögin greiða mánaðarlega 1,5% af heildarlaunum starfsmanna inn í þennan sjóð. Eining-Iðja á aðild að sjóðnum fyrir sína félagsmenn, en skv. honum ber stéttarfélögunum að standa skil á þessum greiðslum til félagsmanna 1. febrúar ár hvert fyrir árið á undan. Athugið að ekki hefur verið tekin skattur af upphæðinni sem greidd er út til félagsmanna. Þessi upphæð kemur inn á skattframtal fyrir árið í ár en álagningin af henni kemur sjálfvirk til greiðslu á árinu 2024.

Fyrstu tvö árin hélt Starfsgreinasambandið utan um starfsemi sjóðsins og sá um að greiða út til félagsmanna. Í september í fyrra var ákveðið að hvert félag taki yfir sjóðinn fyrir sína félagsmenn. Umfangið var of mikið fyrir SGS sem tókst ekki að leysa verkefnið með viðunandi hætti. Því mun Eining-Iðja sjá um þessar greiðslur til sinna félagsmanna.

Þann 1. febrúar sl. greiddi félagið út úr sjóðnum til sinna félagsmanna fyrir árið 2022, samtals var upphæðin rúmlega 83 milljónir króna til 1.576 félagsmanna. Forsenda þess að hægt sé að greiða úr sjóðnum er að Eining-Iðja hafi kennitölu, bankaupplýsingar, síma og netfang félagsmanna sem eiga rétt á að fá greiðslu. Því miður vantar slíkar upplýsingar hjá um 350 félagsmönnum sem eru starfsmenn sveitarfélaga. Starfsmenn félagsins eru að vinna í að fá þessar upplýsingar frá félagsmönnum en ekki eru allir með skráð símanúmer eða netföng og því hvet ég viðkomandi félagsmenn fari sjálfir inn á Mínar síður félagsins og skrái inn þessar upplýsingar. Á Mínum síðum má t.d. skoða hvort félagið sé með réttar upplýsingar um þig og lagfæra ef þörf krefur.

Hvað varðar greiðslur til starfsmanna sveitarfélaga sem bárust félagsmannasjóðnum fyrir yfirtöku félagsins er vert að benda á að töluverð vinna er framundan við að gera upp við viðkomandi félagsmenn. Beðist er velvirðingar á því. Þegar þeirri vinnu er lokið verður endanlega gert upp við félagsmenn.

Fyrst ég er farin að tala um Mínar síður félagsins þá er best að halda því aðeins áfram. Þær voru teknar í notkun í lok síðasta árs en nú geta félagsmenn skráð sig inn og séð

ýmsar upplýsingar um sig sem félagið hefur, séð punktastöðu sína, skoðað og sótt um orlofshús og séð greiðslur frá félaginu. Þar inni er einnig hægt að skoða og sækja rafrænt um þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði og í fræðslusjóði.

Þá er hægt þarna inni að taka þátt í ýmsum könnunum eða atkvæðagreiðslum sem félagið mun standa fyrir og eins og ég nefndi áðan skoðað og breytt sínum upplýsingum, eins og bankaupplýsingum, síma eða netfangi. Það er mjög mikilvægt að þessar upplýsingar séu rétt skráðar í kerfi félagsins því við viljum geta sent mikilvægar upplýsingar til okkar félagsmanna. Því hvetjum við alla félagsmenn til að skrá sig inn til að prófa síðuna. Ef þið lendið í vandræðum með innskráninguna þá er starfsfólk félagsins boðið og búið að aðstoða ykkur.

Nýir kauptaxtar hjá starfsfólki sveitarfélaga tóku gildi um áramótin og eru þeir aðgengilegir á vef félagsins. Gildistími þeirra er frá 1. janúar til 30. september 2023 þegar samningurinn rennur út. Nýir kauptaxtar hækka að lágmarki um 35.000 kr. skv. nýrri launatöflu, að meðaltali um kr. 40.000, en hækkun grunnlauna nemur á bilinu 35.000 kr. til 49.359 kr. í launaflokkum 117-157.

Ég vil biðja ykkur um að fara yfir launaseðlana ykkar vandlega og bregðist við ef þið verðið vör við að umræddar launahækkningar hafi ekki skilað sér.

Um miðjan október skipulagði félagið sex fundi með trúnaðarmönnum sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum. Um var að ræða undirbúningsfundi fyrir komandi kjaraviðræður en samningar við ríki eru lausir 31. mars nk. og við sveitarfélögin 30. september nk. Þessir fundir voru með trúnaðarmönnum sem starfa hjá ríkinu, í leikskólum, í grunnskólum, á þjónustukjörnum og sambýlum og í heimaþjónustu og hjá Heilsuvernd.

Í byrjun fundanna voru starfsmenn félagsins með trúnaðarmönnunum og fóru aðeins yfir vinnuna sem framundan var og að því loknu unnu trúnaðarmennirnir saman í hóp. Þar var ýmislegt rætt er varðar samningana og komandi kjaraviðræður. Þarna urðu góðar umræður og komu margir góðir punktar fram hjá þeim, bæði varðandi breytingar eða útfærslur á einhverju sem nú þegar eru í samningum og hvað ætti að koma þar nýtt inn að þeirra mati.

Í lok fundanna tók einn starfsmaður félagsins við vinnugögnunum, setti þau saman í punkta og sendi á hvern hóp fyrir sig til nánari skoðunar og yfirferðar. Í framhaldinu voru kröfugerðir félagsins fyrir þessa hópa settar saman.

Eining-Iðja ásamt 17 öðrum félögum innan SGS hafa veitt sambandinu samningsumboð fyrir samninga við ríki og sveitarfélögin og er búið að gera viðræðuáætlun fyrir báða samningana.

Nú er unnið að kröfugerð hjá SGS fyrir sveitarfélaga samninginn og á þeirri vinnu að vera lokið nú fljótlega í febrúar. Samningar við ríkið eru á byrjunarstigi og ekki búið að móta kröfugerð.

Í nóvember í fyrra komu saman í Reykjavík tæplega 240 fulltrúar launafólks og launagreiðenda á vinnufundi um Betri vinnutíma í vaktavinnu á opinbera markaðinum til að bera saman bækur, greina hvaða lærdóm má draga af vinnutímabreytingunum og ræða hvar helstu áskoranir og tækifæri liggja. Þar á meðal voru fjórir fulltrúar frá Einingu-Iðju; Björn, formaður félagsins, Arnór Lögfræðingur og þjónustufulltrúi hjá félaginu, ég, sem formaður Opinberu deildar félagsins og trúnaðarmaður í þjónustukjarna hjá Akureyrarbæ og Auður Íris trúnaðarmaður hjá Heilsuvernd-Hlíð. Dagskráin hófst með ávarpi ríkissáttasemjara. Þá fór verkefnastjórn Betri vinnutíma yfir vinnutímabreytingarnar, innleiðingu og eftirfylgni og formaður matshóps kynnti niðurstöður þeirra mælinga sem farið hafa fram til þess að meta áhrif verkefnisins. Á meðal dagskrárliða voru reynslusögur af innleiðingu styttingar vinnuvikunnar frá fimm mismunandi aðilum sem starfa hjá Landsspítala Háskólasjúkrahúsi, Lögreglunni á Vesturlandi, Slökkviliði Akureyrar, Hrafnistu og frá formanni Kjalar og varaformanns BSRB.

Aðalvinna fundarins fór fram í hópavinnu og borðumræðum þar sem rætt var um einstaka þætti vinnutímabreytinganna, hvaða lærdóm mætti draga af ferlinu, hvað hafi gengið vel og hvað ekki og hvert virðið væri fyrir starfsfólk, vinnustaði og samfélagið. Samið var um vinnutímabreytingar í vaktavinnu í fylgiskjali með kjarasamningum veturinn 2019-2020. Breytingarnar, sem ásamt styttingu vinnuvikunnar í dagvinnu, eru þær mestu sem orðið hafa á íslenskum vinnumarkaði í áratugi. Það sem einkennir vaktavinnuverkefnið er víðtækt samstarf og samvinna þvert yfir allan opinbera vinnumarkaðinn, bæði við kjarasamningsborðið og í allri innleiðingu og eftirfylgni. Í samningunum var einnig samið um að fyrir lok samningstímans myndu aðilar leggja sameiginlegt mat á verkefnið og hvort gera þyrfti einhverjar breytingar á kjarasamningsákvæðum varðandi vaktavinnu inn í framtíðina. Vinnustofan var mikilvægur liður í þessu mati.

Eftir ráðstefnuna voru niðurstöður vinnustofunnar teknar saman og svo tók stýrihópur verkefnisins, þar sem sitja fulltrúar allra heildarsamtaka launafólks, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og allir opinberir launagreiðendur, þær niðurstöður til umfjöllunar. Fljótlega eftir áramót átti að koma út skýrsla um verkefnið sem mun nýtast í komandi kjarasamningaviðræðum við ríki og sveitarfélög þar sem þarf að semja endanlega um vinnutímabreytingar. Hún er enn ekki komin út en vonandi fer að stytast í hana. Árlegur fræðsludagur Einingar-Iðju fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn og aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið hefur fallið niður síðustu tvö ár. Stefnt er á að halda þennan dag mánudaginn 8. maí nk. í Hofi á Akureyri. Hann verður auglýstur er nær dregur.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun eins og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011. Óhætt er að segja að mikil ánægja er með þjónustu félagsins og félagið sjálft. Niðurstöðu könnunarinnar má finna á heimasíðu félagsins.

Vert er að minna á að félagið er með samstarfssamning við SÍMEY sem er með það markmið að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn Einingar-Iðju til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Félagsmenn geta skráð sig á nokkur vefnámskeið og nokkur styttri námskeið sér að kostnaðarlausu.

Vegna áhrifa frá Covid 19 settu fræðslusjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt af stað átak í fræðslu í mars 2020. Hluti átaksins fólst í því að endurgreiðsluhlutfall styrkja hækkaði tímabundið úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga. Nú er átakanu lokið og stjórnir sjóðanna ákváðu að endurgreiðsluhlutfallið færi í 80% frá og með 1. janúar sl. gagnvart því námi sem hefst eftir þann tíma.

Orlofsblaðið kemur út um miðjan mars og mikið úrval sumarhúsa verður í boði. Áfram verður boðið upp á Orlof að eigin vali. Styrkurinn í ár verður 26.000 kr. og verða í boði 300 styrkir eins og áður. Sækja þarf um orlofshúsin og styrkinn í gegnum orlofshúsavef félagsins í síðasta lagi 21. apríl. Ef einhver þarf á aðstoð að halda við að sækja um orlofshús eða Orlof að eigin vali þá er hægt að mæta á skrifstofurnar og fá aðstoð við það að sækja um.

Áfram verður hægt að kaupa niðurgreidda rafræna ferðaávísun á orlofsvef félagsins sem gildir á fjölmörg hótél og gistiheimili um allt land. Með því að skrá sig inn á orlofsvefinn má sjá hvaða gististaðir eru í boði og þar þarf að kaupa ávísunina sem er rafræn.

Á orlofsvefnum verður auðvitað áfram hægt að hægt að kaupa niðurgreidd útilegu- og/eða veiðikort. Á vefnum er einnig hægt að kaupa niðurgreidd gjafabréf hjá Niceair. Hver félagsmaður getur frá síðustu áramótum keypt tvö gjafabréf á ári, sem er sparnaður upp á kr. 20.000. Fyrir hvert bréf er greitt kr. 22.000 en virði gjafabréfsins er kr. 32.000 og er því afslátturinn kr. 10.000 á gjafabréf. Hægt er að nýta gjafabréfin til kaupa á flugfargjaldi og annarri bókunarþjónustu hjá Niceair í gegnum bókunarsíðu félagsins.

Ég vil enn og aftur minna á heimasíðu félagsins, ein.is, þar sem má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Síðan er vel virk og vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Hægt er að skrá sig á póstlista á síðunni og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma.

Félagið er með virka síðu á Facebook svo þið megið alveg endilega gefa okkur eins og eitt like á þá síðu og svo er um að gera að deila henni svo fleiri félagsmenn viti af henni.

Svona áður en við förum að snúa okkur að stjórn deildarinnar og kosningum þá langar mig að minna á að á skrifstofu félagsins á Akureyri starfa fjórir ráðgjafar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði, þær, Helga Þyri sem jafnframt er verkefnastjóri á svæðinu, Kristín, Nicole og Svana. Breytingar verð um næstu mánaðamót þegar Svana lætur af störfum en fyrir hana var ráðin Katla Hildardóttir. Þær eru starfsmenn Einingar-Iðju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu. Tvær þeirra eru með fastar viðverur á skrifstofum félagsins á Dalvík og í Fjallabyggð einu sinni í viku.

Fyrir þá sem ekki vita þá er þjónusta VIRK fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubrestra og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Til að eiga rétt á þjónustunni þarf einstaklingur að vera með vottaðan heilsubrest frá lækni í formi vottorðs eða beiðni læknis um þjónustu hjá VIRK. Það geta legið margar og ólíkar ástæður fyrir því að fólk falli út af vinnumarkaði og þarfnist starfsendurhæfingar. Kulnun í starfi, afleiðingar slysa og áfalla, eða andlegir sem líkamlegir sjúkdómar. Ef þið viljið fá nánari upplýsingar um VIRK þá má t.d. nálgast þær á heimasíðu félagsins.

Þá skulum við snúa okkur að stjórn deildarinnar og kosningum ársins.

**Stjórn deildarinnar var þannig skipuð fyrir síðasta starfsár:**

Formaður	Guðbjörg Helga Andrésdóttir	Þjónustukjarninn Borgargili
Varaformaður	Ingibjörg M. Ingvadóttir	Dalvíkurskóli
Ritari	Guðrún Valdís Eyvindsdóttir	Naustaskóli
Meðstjórnendur	Andreea Georgiana Lucaci, Helgi Garðar Skjaldarson Ólöf María Olgeirsdóttir Signý Aðalsteinsdóttir Sylvía Ösp Hauksdóttir Valdimar Friðjón Jónsson	Heilsuvernd hjúkrunarheimili Vegagerðin Heimaþjónusta Akureyrar Sjúkrahúsið á Akureyri Naustatjörn Hæfingarstöðin Skógarlundi

Í ár á að kjósa um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur til tveggja ára. Einnig þarf að kjósa um tvo meðstjórnendur til eins árs.

Úr stjórn eiga að ganga: Guðbjörg Helga Andrésdóttir, Guðrún Valdís Eyvindsdóttir, Andreea Georgiana Lucaci, Ólöf María Olgeirsdóttir og Valdimar Friðjón Jónsson.

Andreea hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram í stjórn deildarinnar. Guðbjörg Helga Andrésdóttir gefur áfram kost á sér í embætti formanns, Guðrún Valdís Eyvindsdóttir gefur áfram kost á sér í embætti ritara og Ólöf María Olgeirsdóttir og Valdimar Friðjón Jónsson gefa kost á sér áfram sem meðstjórnendur. Þá gefur Auður Eiríksdóttir kost á sér sem meðstjórnandi.

Helgi Garðar Skjaldarson og Sylvía Ösp Hauksdóttir sem kosin voru til tveggja ára á síðasta fundi eru hætt á starfssvæði deildarinnar og því þarf að kjósa tvo meðstjórnendur til eins árs og bjóða Skúli Már Þórmundsson og Elísabet Inga Ásgrímsdóttir sig fram.

Ég vil þakka Andreeu, Helga Garðari og Sylvíu Ösp sem nú láta af stjórnarstörfum fyrir samstarfið á liðnum árum. Ég vil einnig þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-Iðju.

Að lokum þakka ég Birni Snæbjörnssyni, starfsmanni deildarinnar fyrir gott samstarf á árinu.

Takk fyrir.